

## Starfsskýrsla keppnisnefndar LH 2020

Keppnisnefnd LH er óbreytt frá árinu 2019 og er þannig skipuð, Ólafur Þórisson formaður, Hulda Gústafsdóttir, Thelma Dögg Harðardóttir, Siguroddur Pétursson, Valdimar Ólafsson, G.Snorri Ólason og Ómar Ingi Ómarsson.

Nefndin hefur verið vel virk á árinu, fundað eftir þörfum, bæði hittst í ÍSÍ og einnig tekið fjarfundi allt eftir því hvað hefur þurft og getað vegna Covid-19. Keppnisnefndin tók þær tillögur sem samþykktar voru á Feif þinginu 2020 og hjálpaði til við að koma þeim inni lög og reglur LH og ný útgáfa var gefin út 1.apríl 2020. Ekki var mikið um breytingar þó helst orðalag sem þufti að laga. Nefndin hefur tekið fyrir þau mál sem til hennar hefur verið vísað, meðal annars flokkaskiptingu, reglur um hestaíþróttakeppnir innanhús, reglur um Íslandsmót.

Keppnisár 2020 hefur verið frekar óvenjulegt vegna Covid-19 faraldursins sem herjar á heimsbyggðina og þurfti að fresta öllu íþróttastarfi um tíma í vor eða mars,apríl og næstum allan maí. Undir lok maí sá svo til sólar og hægt var að hefja æfingar og keppnir að nýju. Kláruðu þá flestar innanhúsdeildirnar sín lokamót sem þá voru haldin utandyra og tókst það vel upp. Var svo keppnishald með venjulegu sniði fram eftir sumri þangað til í byrjun ágúst að öllu var lokað aftur. Nokkur mót voru svo haldin í lok ágúst og byrjun september eftir að LH hafði gert sér sóttvarnarreglur um æfinga og keppnishald í hestaíþróttum.

Keppnisnefnd hefur á liðnu starfsári verið af og til að lesa þær keppnisreglur sem eru í gildi og ræða nokkur atriði sem okkur finnst að þurfi að leiðrétta eða laga orðalega séð ásamt því að reyna eftir fremsta megni að samræma reglur LH og Feif. Ávalt þurfum við að hafa einhverjar séríslenskar reglur en best er að hafa þær sem fæstar.

Er það von okkar í keppnisnefnd að næsta keppnisár geti farið fram með nokkuð eðlilegu sniði og hestamannafélög og mótshaldarar geti aðlagað sitt keppnisfyrirkomulag á hverjum stað að þeim sóttvarnarreglum sem verða í gildi á hverjum tíma fyrir sig til að sem minnst rask verði á starfsemi hestamannafélaganna í framtíðinni.

### Notkun á sportfeng

21 hestamannafélag af 42 aðildarfélögum LH notuðu sportfeng við sitt mótahald ár árinu 2020 og voru 6 hestamannafélög sem héldu 5 mót eða fleiri.

Heildarfjöldi skráingar á þau mót sem fóru fram í sportfeng voru 7499 skráningar.

Fleira markvert kom ekki fyrir keppnisnefnd LH á liðnu starfsári.

Fyrir hönd keppnisnefndar

Ólafur Þórisson